

From: Stefán Thors [mailto:stefan@skipulagsstofnun.is]
Sent: 23. maí 2011 08:39
To: Möður Árnason
Subject: RE: vatnalagafrumvarp

Skipulagsstofnun Minnisblað

Viðtakandi: **Iðnaðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Erna Hrönn Geirsdóttir**
Dagsetning: **18. apríl 2011**
Málsnúmer: **2011010068**
Bréfalykill: **9140**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, 561. mál

Með tölvupósti 14. apríl kom beiðni frá iðnaðarnefnd Alþingis, eftir ábendingu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um að Skipulagsstofnun útfærði minnisblað um frumvarp til vatnalaga, með áherslu á að kanna samræmi frumvarpsins við skipulagslög nr. 123/2010.

Í frumvarpinu til vatnalaga er gert ráð fyrir því að meginstjórnsýsla sé á hendi Orkustofnunar og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að framkvæmdir í og við vötn eru háðar leyfum og eftir atvikum eftirliti samkvæmt til dæmis skipulagslögum, mannvirkjalögum og lögum um lax- og silungsveiði. Einnig kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að þær framkvæmdir sem tengdar eru vatni og vatnafari, en eru ekki sérstaklega leyfisskyldar samkvæmt vatnalögum eða öðrum lögum, eru tilkynningarskyldar til Orkustofnunar samkvæmt frumvarpinu.

Í 51. gr. frumvarps til vatnalaga er fjallað um leyfi til stíflugerðar. Í greininni segir að leita skuli leyfis Orkustofnunar til vatnsmiðlunar eða breytinga á henni ef flatarmál miðlunarólons að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Í 54. gr. frumvarps til vatnalaga er fjallað um leyfi til að breyta vatnsfarvegi. Í greininni segir að fasteignaeiganda og vatnafélögum sé heimilt, að fengnu leyfi Orkustofnunar og eftir atvikum leyfi Fiskistofu að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynlegt eru í því skyni að verja land eða landsnyttjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 er fjallað um framkvæmdaleyfi og segir í 13. gr. að afla skuli framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaleyfisskylda er m.a. metin út frá stærð og umfangi framkvæmdar, eðli hennar, varanleika og áhrifum á ásýnd umhverfisins. Það eru því ekki einungis framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum sem eru háðar framkvæmdarleyfi heldur einnig meiriháttar framkvæmdir sem falla samt sem áður ekki undir 1. og 2. viðauka með lögum um mat á umhverfishrifum nr. 106/2000.

Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km² lands eða meira fara undir vatn eða rúmtak vatns er meira en 10 milljónir m³ falla

undir 1. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum og þurfa því ávalt að fara í umhverfismat. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum falla undir 2. viðauka með lögnum. Einnig geta stíflur, sem hafa í för með sér minna rask en kveður á um í lögum um mat á umhverfisáhrifum, verið framkvæmdaleyfis skyldar ef þær teljast til meiriháttar framkvæmda og hafa áhrif á umhverfið. Stíflugerð og breyting árfarvegjar falla því undir ákvæði um framkvæmdaleyfi.

Í skipulagslögum segir að áður en framkvæmdaleyfi er gefið út skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd er í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Gerð er sú krafa að framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og álit um mat á umhverfisáhrifum, þar sem það á við. Ef fyrirhuguð framkvæmd er á svæði þar sem engin skipulagsáætlun er í gildi getur sveitarstjórn óskað eftir meðmælum Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis án skipulagsgerðar, sbr. 1. tl. ákvæðis til bráðabirgða sbr. skipulagslög.

Ef fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði þar sem fyrir liggur aðal- eða svæðisskipulag en ekki er gerð fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni í því þannig að þessar áætlanir geti verið grundvöllur leyfisveitingar, er heimilt að veita framkvæmdaleyfi að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun metur þá hvort þörf er á frekari kynningu og samráði með deiliskipulagsgerð eða hvort hægt er að veita leyfið án þess að fyrir liggi deiliskipulag.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála leiki vafi á því hvort framkvæmdir eru háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi, sbr. 52. gr. skipulagslaga.

Í 80. gr. frumvarps til vatnalaga er fjallað um eftirlit og úrræði. Ekki er ljóst hver séu „viðkomandi stjórnvöld“ sem geti stöðvað óleyfisframkvæmdir.

Í 2. mgr. 53. gr. skipulagslaga kemur fram að ef framkvæmd er í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess skal skipulagsfulltrúi stöðva framkvæmd þar til úr hefur verið bætt og tilkynna sveitarstjórn þá ákvörðun. Ef skilyrði greinarinnar á við getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað. Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða skipulagsfulltrúa við stöðvun framkvæmda. Telur Skipulagsstofnun að skipulagslög kveði á um með skýrum hætti hver hafi eftirlit með framkvæmdum og hvaða úrræði séu til staðar til að stöðva framkvæmdir ef við á.

Af þessu má sjá að ekki má gefa út framkvæmdaleyfi nema að sveitarstjórn hafi fjallað um og tekið afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Ávalt skal útgefið framkvæmdaleyfi vera í samræmi við skipulagsáætlanir og álit um mat á umhverfisáhrifum, þar sem það á við.

Telur Skipulagsstofnun að framkvæmdaleyfisveiting fyrir stíflugerð í vatni og breyting á vatnsfarvegi ætti áfram að vera hjá sveitarfélögum en ekki hjá Orkustofnun enda fara fyrrgreindar greinar gegn skipulagslögum nr. 123/2010. Tekur Skipulagsstofnun undir þau sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga að frumvarpið feli í sér verulegt inngríp í skipulags- og leyfisveitingarhlutverk sveitarstjórna.